

Fundur 23.11.2020.

Já, Þorsteinn Guðjónsson, komið þið sælir, sonur og frændur, ætlaði bara að kasta á ykkur kveðju sem snöggvast og þakka fyrir innlitið.

Við reynum að senda Steingerði orku og þeim systur á Úlfstöum.

Já hér eru margir sem gleðjast yfir því, ef vel gengur á fundum ykkar og er það ekki rétt getið hjá mér að Gautur sé með barn?

Þú meinar?

Bróðir þinn,

Að hann sé með hvað?

Að það sé barn, var það komið?

Já, barnabarn.

Já, barnabarn, var það rétt skilið?

Alveg rétt.

við biðjum að heilsa þeim öllum.

Já takk fyrir það,

Segðu að við gleðjumst yfir því og séum að fylgjast með.

Þið fylgjist með honum, þessum litla manni sem heitir Gautur Ari.

Já, já, akkúrat,

Hann er núna tæplega fimm mánaða.

já já, ég vildi ekki tefja lengi en..

En má ég biðja þig um að koma með einhvern ofurlítinn stuttan stjörnufræði fróðleik handa okkur áður en þú ferð?

Já,

það væri nú þér líkt pabbi, um hnöttinn þinn og sólkerfið eða sólhverfið.

já,

eða hnöttinn ykkar.

Þú setur mig í þær stellingar,

Það er ekki annað hægt.

Já, það er eins og fram hefur komið, tvísóla kerfi, þar sem önnur sólin hefur aðal áhrif, hin hefur tiltölulega lítil áhrif.

Og birtan skiptist því í að fá á sig hvítan blæ og bláleitan, og það hefur verið unnt að.

Það er ein önnur reikistjarna eins og fram hefur komið, í sólhverfi okkar, þar sem er líf á lægra, ekki komið á mannsstigið.

Heldur jurtalíf og verið að próa æðra dýralíf.

Þar sem hnötturinn er í heitari kantinum, og aðstæður þannig, að nauðsynlegt er að tempra hitastig og sólgeislun.

Ekki ólíkt því sem gerist á Mars en þó í miklu minna mæli.

En þar er annað vandamál sem er, að fá öll rétt steinefni og umhverfispætti til að styðja við þróun lífs, og hefur það verið verkefni.

Hér á þessum hnetti er skipulag gott, hvað varðar jurtalíf og dýralíf. Nýtist til að endurnýja lífhvolf hnattarins og sjá mönnum fyrir fæðu, þar sem slíkt er kosið.

Og einnig að mannfjöldinn sé hæfilegur og fólk lifi við frið og spekt.

Það væri gaman að geta lýst því síðar betur, hvernig okkur hefur tekist að nýta sólarorkuna, líforkuna úr sólarorkunni til þess að sofa styttra en betur.

Og hvernig jurtir og dýr hafa þróast með þessar tvennskonar bylgjur.

Við höfum verið að skiptast á upplýsingum um, þar sem líf er, í þeim sólhverfum sem við höfum samband við.

En ég vildi óska að ég gæti komið með upplýsingar um staðsetningu hnattarins.

En ég held að það sé framtíðar markmið að stefna að því við tækifæri ef að unnt er að fikra sig nær því takmarki, ef ég gæti komið með stutt fræðsluþætti eða aðrir.

En það er víst ekki unnt að sinni, en ég þakka fyrir.

Kærar þakkir, þetta voru mjög merkilegar upplýsingar, og takk fyrir að koma í sambandið.

Við kveðjum að sinni en verðum með örlitla viðbót.